

### *Sumarmorgunn á Heimaey*

Yndislega Eyjan mín,  
ó, hve þú ert morgunfögur!  
Úðaslæðan óðum dvín,  
eins og spegill hafið skín,  
yfir blessuð björgin þín  
breiðir sólin geislakögur.  
Yndislega Eyjan mín,  
ó, hve þú ert morgunfögur.

Sólu roðið sumarský  
svífur yfir Helgafelli.  
Fuglar byggja hreiður hlý,  
himindögginn fersk og ný  
glitrar blíðum geislum í,  
glaðleg anga blóm á velli.  
sólu roðið sumarský  
svífur yfir Helgafelli.


Yndislega Eyjan mín,  
ó, hve þú ert morgunfögur!  
Líti ég til lands mér skín  
ljómafögur jöklasýn,  
sveipar glóbjart geislalín  
grund og dranga, sker og ögur.  
Yndislega Eyjan mín,  
ó, hve þú ert morgunfögur!

*Sigurbjörn Sveinsson*

BLESSUN

EFTIRSPIL

*Kvöldsigling (Gísli Helgason)*



*Prestur: Séra Guðmundur Örn Jónsson  
Organisti: Kitty Kovács  
Einsöngur: Einar Clausen*



## Viktoría Ágústa Ágústsdóttir

Fædd 9. október 1937

Dáin 4. apríl 2020

Útför frá Landakirkju föstudaginn 17. apríl 2020 kl. 13.00

Útförin verður send út gegnum streymi á [landakirkja.is](http://landakirkja.is).

FORSPIL

Ágústnótt

e.Oddgeir Kristjánsson/ Árni úr Eyjum

SIGNING - BÆN

Hærra minn Guð til þín

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddi minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
gladur ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
::: hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín

Matthías Jochumsson

GUÐSPJALL

Einsöngur

Faðir vor

MINNINGARORÐ

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína himinborna dís,  
svo hlusti englar Guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjalarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt  
um varpann leikur draumsins perluglít.  
Snert hörpu mína himinborna dís,  
og hlustið englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson / Davíð Stefánsson

RITNINGARLESTUR

Heima

Hún rís úr sumarsænum  
í silkimjúkum blænum  
með fjöll í feldi grænum  
mín fagra Heimacy.

Við lífsins fögnuð fundum  
á fyrstu bernskustundum,  
er sólin hló á sundum  
og sigldu himinfley.

Hér réri hann afi á árabát  
og undir sér bezt á sjó,  
en amma hafði á öldunni gát  
og aflann úr fjörunni dró.

Er vindur lék í voðum,  
og vængir lyftu gnoðum,  
þeir höfðu byr hjá boðum  
á biðlavinafund.

Og enn þeir fiskinn fanga  
við Flúðir, Svið og Dranga,  
þótt stormur strjúki vanga,  
það stælir karlmannslund.

Og allt var skíni skartað  
og skjól við móðurhjartað,  
hér leið mín bernskan bjarta  
við bjargfuglaklið.

Er vorið lagði að landi,  
var líf í fjörusandi,  
þá ríkti unaðsandi  
í ætt við bárunið.

Þegar í fjarska mig báturinn ber  
og boðinn úr djúpinu rís,  
eyjan mín kæra, ég óska hjá þér,  
að eigi ég faðmlögin vis.  
Þótt löngum beri af leiðum  
á lífsins vegi breiðum,  
þá finnast á fornum eiðum  
margt falið hjartamein.

En okkar æskufuna  
við ættum þó að muna  
á meðan öldur una  
í ást við fjörustein.

Lag: Oddgeir Kristjánsson

Ljóð: Ási í Bæ

BÆN

Heyr mína bæn

Heyr mína bæn, mildasti blær.  
Berðu kveðju mína` yfir höf.  
Syngdu honum saknaðar ljóð.  
Vanga hans blítt vermir þú sól  
vörum mjúkum, kysstu hans brá.  
Ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval  
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.  
Blítt þú vaggar honum við barm,  
þar til svefninn sigur á brá.  
Draumheimi í dveljum við þá  
daga langa saman tvö ein.  
Heyr minar bænir og þrár.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval  
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.  
Blítt þú vaggar honum við barm,  
þar til svefninn sigur á brá.  
Draumheimi í dveljum við þá  
daga langa saman tvö ein.  
Heyr minar bænir og þrár.

Mario Panzeri / Ólafur Gaukur Þórhallsson

MOLDUN